

Fagráð í hrossarækt

102. fundur

Staður og stund: Teams fundur, miðvikudaginn 2. febrúar 2022. Kl. 12.00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Gunnar Kristinn Eiríksson, Mette Mannseth, Sveinn Ragnarsson, Erlendur Árnason og Elsa Albertsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Landsmót 2022
3. Breytingartillögur lagðar fyrir FEIF fund *„Delegates assembly“* 4-5.2.2022
4. Námskeið og símenntun fyrir kynbótadómara
5. Birting dómara
6. Blóðmerarhald
7. Aðkoma BÍ að FEIF
8. Stofnverndargjald af útfluttum hrossum
9. DNA greining á útfluttum hrossum
10. Önnur mál.

1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.

2. Landsmót 2022

Farið var yfir drög að Landsmóti 2022. Ekki hefur enn verið boðað til fundar við ræktunarleiðtoga íslenska hestsins en drögin liggja engu að síður fyrir. Breyting er frá dagskrá fyrri landsmóta þar sem nú virðist vera viss afskipting á milli keppni og kynbóta. Dagskrá kynbóta á að ljúka á föstudegi en hápunktar keppnishluta að vera á laugardegi, sem er jafnframt lokadagur mótsins. Fagráð í hrossarækt ályktar svo að landmót sé sameiginlegur vettvangur keppni og kynbóta og mun fara fram á að lokadagur mótsins skulu að jöfnu fjalla um keppni og kynbætur án þess að skilja að. Nýjabrum mótsins er keppni í íþróttagreinum og ættu með engu móti að koma í stað kynbótahlutans á hápunkti mótsins enda í sögulegu samhengi byggist Landsmót á samkeppnismóti kynbótahrossa. Á síðasta landsmóti var fjöldatakmörkun kynbótahrossa sett við 170 hross og er það ósk Fagráðs að viðhalda þeim fjölda enda talið að búið sé að koma á móts við styttingu og léttingu dagskráð Landsmóts af hrossaræktarhlutanum.

3. Breytingartillögur lagðar fyrir FEIF fund

Farið var yfir þær breytingartillögur sem liggja fyrir FEIF þing, sem aftur sökum kórónuverufaraldursins verður á fjarfundarformi. Af þeim sökum hefur verið ákveðið að skipta upp þinginu og að þessu sinni eru greidd atkvæði á þeim hluta sem snýr að

Delegates assembly. Breytingarnar eru að uppistöðu orðalagsbreytingar að undanskildu nánari skilgreiningu á dómsskalanum aðallega í neðri mörkum hans. Breytingartillögur voru samþykktar. Þar sem fundurinn er fjarfundur er hlutur ræktunarleiðtoga og kynbótadómaranefndar færður yfir í staðfund seinna í apríl á þessu ári.

4. Námskeið og símenntun fyrir kynbótadómara

Samræmingarnámskeið verður haldið 25-27 mars nk. fyrir alþjóðlega kynbótadómara. Símenntun er í gangi í vetur í formi myndbandsdóma en eru umfangsminni þetta árið þar sem samræmingarnámskeið er haldið. Nýnámskeið verður haldið í vor og sumar fyrir þá sem vilja þreyta það.

5. Birting dómara

Fjallað var um kosti og galla þess að birta dómara en engin ákvörðun gerð um breytingu þess fyrirkomulags sem nú er í gildi.

6. Blóðmerahald

Rætt var um ályktun fagráðs varðandi blóðmerahald sem stefnt er á að senda nefnd sem er að störfum varðandi þingsályktunartillögu þess efnis.

7. Aðkoma BÍ að FEIF

Rætt var um úrsögn BÍ að FEIF 2020. Úrsögnin var ekki tilkynnt ræktunarleiðtoga íslenska hestsins né heldur Fagráði í hrossarækt og kom því verulega á óvart. Úrsögnin var dregin til baka að svo stöddu enda ekki gerð með lögformlegum hætti. Það virðist þó vera stefna BÍ að standa við úrsögnina komi ekki til fjárframlags frá ráðuneytinu. Talsverðar umræður skópust um mikilvægi veru Íslands í FEIF og gildi þess að vera leiðandi og stefnumarkandi í alþjóðlegu starfi um ræktun íslenska hestsins og aðra þætti þess starfs. Gildi þess að vera í þessu samstarfi verður seint til fullnustu metið og það er ámælisvert að BÍ skuli ekki skilja og standa að baki því.

8. Stofnverndarsjóður

Samkvæmt úrskurði yfirs kattaneftndar hefur það form á innheimtu gjalds í Stofnverndarsjóð að þjónustuaðilum í útflutningi sé ætlað að innheimta og standa skil á gjaldinu í sjóðinn verið dæmt ólöglegt enda er þessum aðilum engan veginn heimilt eða skylt að innheimta gjaldið. Þetta hefur verið beint á frá því að innheimta gjaldsins fór frá Bændasamtökunum (en þá var gjaldi innheimt við útgáfu hestavegabréfs) til ríkisins. Ljóst er að breyting þarf að verða á þessu innheimtuformi svo gjaldið skili sér jafnt og þétt en gjaldið er grundvöllur þess að sjóðurinn haldi styrk sínum og geti veitt fjármagn í rannsóknar og þróunarverkefni hrossaræktarinnar. Þó svo að gjaldið hafi ekki verið innheimt að hverju útfluttu hrossa hefur ríkið staðið skil á greiðslum í sjóðinn samkvæmt árlegum útflutningi en það er ekki það form sem ætti að vera á greiðslu í sjóðinn.

9. DNA greining á útfluttum hrossum

Nokkur dæmi þess hafa komi upp að ætternisskráning útfluttra hrossa standist ekki þegar erlendis er komið. Þetta felur í sér talsvert umstang og kostnað að leiðrétta enda mörg lönd utan Íslands sem krefjast vottunar ætternis. DNA greining er gæðavottun á skráningu. Endanleg ákvörðun var ekki tekin um hvort skylda ætti DNA greiningu á útfluttum hrossum, enda praktísk framkvæmd þess vissum annmörkum háð ef hross er flutt út með skömmum fyrirvara. Þetta er þó atriði sem vissulega þarf að huga að í

framtíðinni og rætt var um að setja vissa hvata í verðlagningu hestavegabréfa sem ýtti undir að hross væru DNA greind fyrir útflutning.

10. Önnur mál

Greint var frá því gleðiefnis þess að sumarexemsverkefni Keldna væri tryggt fjármagn næstu þriggja ára með styrk frá Rannís

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 15:30

Við þennann: Elsa Albertsdóttir